

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: María Björk Ingvadóttir <mariabjork@n4.is>
Sent: þriðjudagur, 3. mars 2020 18:36
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Subject: Samstarf við N4/ Að vestan árið 2020

One: -1

Sæll Kristján

Nú er kominn þrýstingur á okkur að halda áfram fimmta árið í röð með þáttaröðina **Að vestan** á N4 og langar okkur að stefna að frumsýningu nýrrar þáttaraðar 30.mars n.k. enda bæði Hlédís og Heiðar Mar tilbúin i verkefnið. Til þess þarf fjármögnun að ganga upp og leita ég því liðsinnis ykkar í Dalabyggð.

Á síðasta ári voru gerðir 18 þættir með um 72 innslögum og miðað við 500.000 kr. framlag má segja að framlag á hvert innslag hafi numið aðeins 6.944,-
Þá eru ekki taldir með þættir sem fengust í kaupbæti og kallast **Eitt og annað af Vesturlandi**, en þá er hægt að nota sem kynningarþætti um svæðið í heild eða fyrir eitt og eitt sveitarfélag.
Alla þættina og innslögin er hægt að nálgast á www.n4.is og á N4 Facebook.

Með því að hækka samninginn í 720.000 getum við boðið stuttar klippur úr innslögunum frá Dalabyggð sem hægt væri að nota sem "teasera" og/eða auglýsingar inn á samfélagsmiðlana fyrir lengri innslögin og þættina.

N4 hefur verið frumkvöðull í að beina áhorfendum að því að ná í sjónvarpsefni utan línulegrar dagskrár og höfum notað í eitt ár slagorðið - **N4 þar sem þú vilt þegar þú vilt.**

N4 hóf að frumsýna allt efni bæði í línulegri dagskrá og á Facebook í mars 2019.

Við það jókst áhorfið gríðarmikið og horfðu 3,2 milljónir á efni stöðvarinnar á Facebook mars-des 2019, borið saman við 700 þúsund allt árið á undan.

Tímaflakk Símans mælir áhorf og hefur það aukist jafnt og þétt, úr 26.000 sem sóttu þættina okkar þangað haustið 2018 í rúmlega 70.000 í janúaránuði 2020.

Vodafone/Sýn hefur því miður ekki getað tekið þessar tölur saman en áætla að þær séu amk. þessar sé gengið út frá fjölda myndlykla hjá þeim

Þættir Hlédísar og Heiðars Að vestan hafa fengið mjög gott áhorf ekki síst eftir að innslögin fóru á flug inn á Facebook. Vísasta leiðin til að ná athygli fólks er með íslensku efni úr nærsamfélaginu og þar hefur N4 sannað gildi sitt.

Með þessu bréfi er leitað eftir samstarfi vegna þáttagerðar af Vesturlandi árið 2020, valið stendur um 500.000 eða 720.000 eftir hvort tilboðið hentar ykkur.

Allar upplýsingar veiti ég með gleði.

Með bestu kveðjum

María Björk



María Björk Ingvadóttir

Framkvæmdastjóri | N4

6604680

4124400

mariabjork@n4.is

Hvannavellir 14, 600 Akureyri

www.n4.is

